Sjómenn íslenskir erum við

Texti: Jónas Árnason

Lag: Jón Múli Árnason

Hæ sjómenn Íslenskir erum við
Og björg að landi berum við
Og það sem gera skal gerum við
Og klárir erum í allt

Og síld úr djúpinu seiðum við
Og feikn af henni veiðum við
Og allri hýrunni eyðum við
Í fagrar flíkur og vín

Og þegar hlöðnum bát
Við aftur leggjum landi að
Það setur sjóðheit þrá
Í brjóstum okkar, allt af stað.

Og þó að þrá þessi hafin sé
Og tuktuð til og tamin sé
Og þó með lurki hún lamin sé
Hún alltaf leitar samt út

------ millispil ----------

Og öllum Siggum við unnum þá
Og Guggum já, og Gunnum já
Sem standa töfrandi tunnum hjá
Og salta síld upp á kraft.

Og þó þær þykist ei sjá okkur
Og vilji ‘ ekki líta á okkur
Á löpp þær langar að ná okkur
Sem ósköp eðlilegt er.

Og þegar búið er
Að syngja dansa og drekka nó
Við bjóðum dömunum
Að ganga eitthvað út með sjó

Og blóðið um okkur ört fer þá
Og nóttin blíð og björt er þá
Til gamans ýmislegt gjört er þá
:Sem engan varðar neitt um: x3

Höfundaskráning: https://mms.is/sites/mms.is/files/atoms/files/daegurspor_kb_0.pdf

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.